

Mál nr. 204/2003

**Dánarbú M
og
Líftryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar**

Ágreiningur um réttarstöðu vegna sjúkdómatryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 09.10. 2003, ásamt fylgiskjöllum þ. á m. umsókn um sjúkdómatrygginguna, bréf aðila, læknisvottorð.
2. Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.10. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingarfélaganna nr. 856/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

M lést 11.09. 2003 eftir rúmlega árs langa baráttu við sjúkdóm sinn.

Álitaefni máls þessa eru einkum annars vegar þau hvenær váttryggingin var tekin og hins vegar hvort M hafi fullnægt upplýsingaskyldu sinni.

Félagið vísar til þess að samkvæmt skilmálum hefst ábyrgð félagsins þegar það hefur tekið á móti og samþykkt beiðni um töku váttryggingarinnar. Váttryggingin hafi tekið gildi 17.07. 2002 sbr. útgefið váttryggingaskírteini og 11. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Félagið vísar til 11. tl. 6. gr. skilmála þar sem fram kemur að ekki séu greiddar bætur vegna krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir töku váttryggingarinnar. M hafi greinst með krabbamein í ágúst 2002 og því hafi greiðslu bóta verið hafnað. Félagið hafnar þeim skilningi aðila að túlka beri töku váttryggingar við hvenær váttryggingartaki lagði fram beiðni sína um váttryggingu. Félagið telur einnig að verulega hafi skort á upplýsingagjöf af hálfu váttryggingataka er hann sótti um váttrygginguna. Það telur að hann hafi leynt upplýsingum um eigið heilsufar. Fram komi í læknisvottorði að M hafi m.a. fyrri heilsufarssögu um gyllinæð, háan blóðþrýsting og heilahimnubólgu þegar hann var tveggja ára og æðahnútaaðgerð á fótum. Öllum spurningum um sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni hafi hann svarað neitandi. Þetta hefði að öllum líkindum leitt til þess að váttryggingu hefði verið hafnað með vísan til skilmála og laga um váttryggingarsamninga sbr. einkum 4. gr. og 23. gr.

M telur að félaginu hafi ekki verið réttmætt að hafna greiðsu bóta með vísan til 11. tl. 6. gr. skilmála sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta í þessari samantekt.

Álit.

Váttryggingin mun hafa tekið gildi í júlí 2002 en sjúkdómur M mun hafa greinst í ágúst sama ár m.ö.o. ekki voru liðnir þrír mánuðir frá töku váttryggingarinnar þar til sjúkdómurinn greindist. Réttur til greiðslu bóta er því ekki fyrir hendi skv. 11. tl. 6. gr. skilmála sjúkdómatryggingar.

Ekki er unnt að fallast á umfjöllun í málskotinu um að álitamál sé hvernig skýra beri orðið “taka” eins og það kemur fram í skilmálum í þessu sambandi og í annan stað er

ekki unnt að fallast á að váttryggingafélagi sé óheimilt að hafa slíkt ákvæði. Athygli er vakin á því að í undirritaðri beiðni um sjúkdómatryggingu er sérstaklega tekið fram að viðkomandi hafi kynnt sér skilmála og samþykkt þá.

Ekki hefur verið sýnt fram á að tilefni sé til að láta halla á váttryggingafélagið vegna sölu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Réttur til greiðslu bóta er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 14. nóvember 2003

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.